

Nr. 019/ 16 Lagarfoss***Skipverji slasast við fall***

IMO nr. 9641314
Smíðaður: Kína 2014, stál
Fánaríki ANTIGUA & BARBUDA
Stærð: 10.106 BT
Mesta lengd: 140,68 m
Breidd: 23,20 m Dýpt: 8,70 m
Vél: MaK
Fjöldi skipverja: 12



Lagarfoss ©Ruud Glimmerveen

Gögn:

Slysatilkynning frá skipi
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. júní 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli..

Atvikalýsing:

Þann 5. desember 2015 var Lagarfoss á siglingu á Atlantshafi á leið til Reykjavíkur. Veður: SV 32 m/s og ölduhæð 10-12 m.

Matsveinn sem var við störf í eldhúsi slasaðist þegar hann féll í gólfið vegna hreyfingar skipsins með þeim afleiðingum að hryggjaliðir féllu saman.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði kvaðst hafa tekist á loft og lent aftur niður á steinsteypt gólfið;
- að skipverjinn var frá störfum í um tvo mánuði.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.